



Kópavogsbær
Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Kópavogi, 13. ágúst 2026
26061712/005.05 KJ

Svar við fyrirspurn bæjarfulltrúa Jónasar Más Torfasonar og Eydísar Ingu Valsdóttur um Kópavogslæk.

Minnisblað þetta er svar við fyrirspurnar um ástand Kópavogslækjar, vatnsgæði hans og fyrirhugaðar úrbætur. Hér að neðan er yfirlit yfir þær rannsóknir og mælingar sem hafa farið fram, hvernig eftirliti með vatnsgæðum er háttað, hvaða aðgerðum hefur verið beitt til að rekja mögulegar uppsprettur mengunar og mögulegar úrbótaaðgerðir.

Kópavogslækur er straumvatn í þéttbýli og verður fyrir áhrifum af starfsemi á vatnasviði sínu, þar á meðal frá ofanvatni, samgöngumannvirkjum og byggð. Unnið er að því að afla aukinnar þekkingar á ástandi lækjarins með rannsóknum, vöktun og greiningu á mögulegum mengunaruppsprettum og kanna mögulegar mótvægisáðgerðir. Þá tekur Kópavogsbær þátt í LIFE Icewater verkefninu sem styður við innleiðingu vatnaáætlunar og markmið um bætt vatnsgæði í vatnshlotum. Verkefnið felur meðal annars í sér rannsóknir, vöktun og undirbúning aðgerða sem ætlað er að draga úr mengunarálagi og bæta ástand Kópavogslækjar.

Það er á áætlun að koma með kynningu á Icewater verkefninu fyrir skipulags- og umhverfisráð í haust.

1. Hvaða aðgerðum hefur verið beitt til að rekja uppruna mengunar sem greinst hefur í Kópavogslæk?

Leitað hefur verið eftir rangtengingum á fráveitukerfum og krafist úrbóta þegar slíkar tengingar hafa fundist. Oftast hafa það verið vinnuskúrar á framkvæmdasvæðum sem hafa verið rangt tengdir. Reglulega eru settar upp gildrur á regnvatnslögnum sem liggja í Kópavogslæk til að ganga úr skugga um ekki renni annað í lögnunum en regnvatn.

Vaktlistaefni og forgangslistaefni eiga að verulegu leiti uppruna sinn frá Reykjanesbrautinni en regnvatn af götunni skolast út í Kópavogslækinn eftir regnvatnskerfum. Hreinsun á slíkum efnum gerist á settjörnum eins og fyrirhugað er að koma fyrir efst í Kópavogsdal.

2. Hvaða niðurstöður hafa fengist úr þeim rannsóknum og athugunum sem framkvæmdar hafa verið vegna mengunar í læknum og hverjar eru nýjustu fyrirbyggjandi upplýsingar um ástand vatnsgæða í Kópavogslæk?

Fyrir liggja nokkrar rannsóknir og vöktunarverkefni sem varpa ljósi á ástand Kópavogslækjar.

Náttúrufræðistofa Kópavogs framkvæmdi frumathugun á Kópavogslæk árið 2013 þar sem mældir voru eðlisþættir vatnsins, m.a vatnshiti, sýrustig (pH), rafleiðni, straumhraði og rennsli. Niðurstöður bentu til þess að lækurinn væri frábrugðinn náttúrulegum vatnshöllum, meðal annars vegna hás vatnshita og rafleiðni.¹

Heilbrigðiseftirlitið hefur um árabíl fylgst með örverumengun í Kópavogslæk með mælingum á saurkólígerlum og saurkókkum. Mælingar hafa sýnt háan styrk saurgerla á einstökum stöðum í læknum, sem bendir til áhrifa frá fráveitu eða öðru affallsvatni. Nánari upplýsingar er að finna í meðfylgjandi greinargerð.

Á árunum 2019-2020 framkvæmdi Umhverfisstofnun vöktun á forgangs- og vaktlistaefnum í Kópavogslæk, samkvæmt lögum um stjórnskipti.² Alls greindust 18 forgangsefni í sýnum úr læknum og sex þeirra mældust yfir viðmiðunarmörkum fyrir ársmeðaltal samkvæmt umhverfisgæðakröfum. Niðurstöðurnar leiddu til þess að Kópavogslækur var flokkaður í slæmt efnafræðilegt ástand, þar sem eitt forgangsefni yfir umhverfisgæðakröfum nægir til slíkrar flokkunar.

Umhverfis- og orkustofnun framkvæmdi sýnatöku í Kópavogslæk 2025 sem hluta af samevrópsku vöktunarverkefni á vaktlistaefnum. Niðurstöðurnar sýndu að einstaka lyfjaleifar mældust yfir greiningarmörkum en styrkur þeirra var almennt lágur. Sú vöktun hafði ekki áhrif á flokkun efnafræðilegs ástands vatnshlatsins.

Nýjustu fyrirbyggjandi heildstæðu upplýsingar um efnafræðilegt ástand Kópavogslækjar eru enn niðurstöður vöktunar Umhverfisstofnunar frá árunum 2019–2020.

Niðurstöður í Kópavogslæk samræmast þekktu mynstri í rannsóknum á vatnshlotum í þéttbýli, þar sem ofanvatn, fráveituáhrif og þéttbýlisálag geta leitt til hækkaðs styrks næringarefna og mengandi efna.³

¹ Frumathugun í Kópavogslæk frá 2013

² Niðurstöður vöktunar forgangs- og vaktlistaefna í Kópavogslæk

³ Niðurstöður í Kópavogslæk samræmast þekktu mynstri í rannsóknum á þéttbýlislækjum, þar sem ofanvatn, fráveituáhrif og þéttbýlisálag geta leitt til hækkaðs styrks næringarefna og mengandi efna, svokallað *urban stream syndrome*, þ.e. endurtekið mynstur hnignunar í lækjum sem renna um þéttbýli.

Herrington, C.S., Horndeski, K. Is urban stream restoration really a wicked problem?. *Urban Ecosyst* 26, 479–491 (2023). <https://doi.org/10.1007/s11252-022-01307-7>

Spence, K., Gilbert, I. & Robson, M. Stormwater Suspended Solids and Pollutant Concentrations in an Urban Stream. *Water Air Soil Pollut* 234, 599 (2023). <https://doi.org/10.1007/s11270-023-06513-3>



3. Hvernig er eftirliti með vatnsgæðum Kópavogslækjar háttað, þar á meðal mælingum á olíumengun, þungmálmum, PFAS-efnum og öðrum skaðlegum efnum?

Eftirlit með vatnsgæðum Kópavogslækjar fer fram á grundvelli laga um stjórn vatnamála og felst annars vegar í vöktun vatnshlotsins á vegum Umhverfis- og orkustofnunar og hins vegar í vöktun Heilbrigðiseftirlitsins á örverumengun.

Ekki er starfrækt samfelld vöktun á olíumengun í Kópavogslæk. Slík mengun kemur fram í tengslum við reglubundnar efnagreiningar eða ef grunur vaknar um mengunaratvik sem kallar á sérstaka rannsókn.

Vöktun þungmálma, PFAS-efna og annarra skaðlegra efna fer því fram með tímabundnum sýnatökum samkvæmt vöktunaráætlunum stjórnvalda hverju sinni.

Sem hluti af LIFE Icewater verkefninu er unnið að mælingum vistfræðilegra gæðapátta í samræmi við kröfur vatnatilskipunar Evrópusambandsins og laga um stjórn vatnamála. Vettvangsvinnu og gagnasöfnun er lokið en lokaskýrslan liggur ekki enn fyrir. Áætlað er að mælingar á gæðapáttum verði endurteknar árið 2029 ásamt mælingum á forgangslistaefnum.

4. Hvaða aðgerðir eru fyrirhugaðar til að vinna að hreinsun Kópavogslækjar, þar með talið en ekki eingöngu m.t.t. að rekja uppruna mengunar, mæla vatnsgæði og mengun í Kópavogslæk og beinar aðgerðir til að bæta vatnsgæði, svo sem gerð settjarna og uppsetningu efnagilda?

Unnið er að því að auka þekkingu á mengunarálagi í Kópavogslæk og mögulegum uppruna mengunar með áframhaldandi rannsóknum og vöktun. Þátttaka í LIFE Icewater verkefninu er lykilþáttur í þeirri vinnu.

Unnið er að því að greina mögulegar uppsprettur mengunar á vatnasviði lækjarins, meðal annars með eftirliti með fráveitu- og regnvatnskerfum og leit að rangtengingum (sjá svar við spurningu 1).

Hvað varðar beinar úrbótaaðgerðir verða niðurstöður rannsókna og vöktunar nýttar til að forgangsraða aðgerðum sem ætlað er að bæta vatnsgæði. Þar koma meðal annars til skoðunar settjarnir, efnagildir og aðrar lausnir sem geta dregið úr flutningi mengunarefna með ofanvatni sem næst upptökum. Fyrirhugaðar settjarnir sem eru á plani innan Icewater verkefnisins er dæmi um slíka aðgerð.

Sem hluti af Icewater verkefninu hefur sá hluti Kópavogslækjar sem liggur milli Reykjanesbrautar og Dalvegjar verið lagður í rör. Umræddur farvegur liggur um umferðarþungt svæði þar sem hætta var á að mengun frá nærliggjandi yfirborði berist beint í lækinn.



5. Hvar eru slíkar aðgerðir staddar og eru einhverjar tafir á þeim? Er eitthvað sem bæjarstjórn eða skipulags- og umhverfisráð getur gert til að greiða götur slíkra aðgerða?

Fjármagn hefur fengist í gegnum LIFE Icewater verkefnið til undirbúnings og framkvæmda aðgerða sem styðja við markmið vatnaáætlunar um bætt vatnsgæði í Kópavogslæk. Hluti aðgerðanna krefst frekari skipulagsvinnu og undirbúnings sem fellur undir Icewater, svo að hægt verði að ráðast í framkvæmdir aðgerða.

Að flýta fyrir uppfærðu deiliskipulagi á Kópavogsdal myndi styðja við framgang verkefnisins. Með því yrði unnt að undirbúa og útfæra þær framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru innan verkefnisins, þar á meðal gerð settjarna. Jafnframt þarf að meta nánar staðsetningu og útfærslu slíkra mannvirkja til að tryggja sem bestan árangur við hreinsun ofanvatns áður en það berst í Kópavogslæk.

Virðingarfyllst,

Karen Jónasdóttir
Verkefnastjóri

